

Fundur í fagráði nautgriparæktar 22. maí 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 22. maí 2019 og var símafundur sem hófst kl. 10.00.

Mættir: Gunnar Kr. Eiríksson, Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Andri Már Sigurðsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Skipan formanns og ritara
3. Umsóknir í þróunarsjóð
4. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Gunnar Kr. Eiríksson, aldursforseti fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar og sérstaklega nýja fulltrúa, þau Herdís og Andra. Fundargerð síðasta fundar samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Skipan formanns og ritara.

Gunnar lagði til að Þórarinn yrði formaður og Guðmundur ritari. Samþykkt samhljóða.

3. Umsóknir í þróunarsjóð.

Þórarinn kynnti þær umsóknir sem borist hafa í þróunarsjóðinn og sagði fagráðsmenn þurfa að kynna sér en þær yrðu teknar fyrir á næsta fundi sem hann lagði til að hann miðvikudaginn í næstu viku.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál nema ákveðið að næsti fundur verði símafundur miðvikudaginn 29. maí 2019 kl. 10.00.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)